



Viðskipti | mbl.is | 9.3.2009 | 10:43

## Starfsmenn Straums í Danmörku bíða átektu

Starfsmenn Straums-Burðaráss í Danmörku bíða átektu eftir fyrirskipunum frá skilanevnd, sem tók yfir rekstur bankans í morgun. „Við sitjum bara aðgerðalausir. Við höfum ekkert vald til að taka ákvarðanir," hefur fréttavefur Børsen eftir Oscar Crohn, framkvæmdastjóra Straums í Danmörku.

Crohn segir, að alger óvissa ríki um framtíð starfsmanna og viðskiptavina bankans í Danmörku. Því ráði íslensk stjórnvöld og þau verði að gefa stjórnendum bankans fyrirskipanir. Það eina sem ég veit er að forstjóri Straums er hættur," segir Crohn.

Hann segir, að öll útláni í Danmörku séu tryggð af tryggingasjóði útlána þar í landi. Þá muni bankinn leitast við að tryggja stöðu viðskiptavina sinna eins og hægt er og vernda verðgildi eigna bankans.

Að sögn Børsen á talsverður hópur Dana innlán hjá Straumi. Straumur starfar einnig í á Íslandi, í Svíþjóð, Finnlandi, Bretlandi, Póllandi og Tékklandi.